

606. fundur

Þriðjudaginn 28. júní 2016 var haldinn fundur í nefnd skv. 87. gr. búvörulaga nr. 99/1993 í atvinnuvega- nýsköpunarráðuneytinu.

Þessir voru mættir:

Ólafur Friðriksson formaður ANR
Baldur Sigmundsson ANR
Benedikt S. Benediktsson FJR
Kristín Sigfúsdóttir ANR ritaði fundargerð.

1. Lagðar voru fram fundargerðir 604 og 605 og voru þær samþykktar.
2. Lagðar voru fyrir niðurstöður um úthlutun á tollkvótum vegna útboðs á WTO tollkvóta fyrir tímabilið 1. júlí til 31. desember 2016.

Fimmtudaginn 9. júní 2016 rann út umsóknarfrestur um tollkvóta vegna innflutnings á nauta-, svína-, kinda-, geita- og alifuglakjöti, unnum kjötvörum, smjöri og ostum og eggjum fyrir tímabilið 1. júlí til 31. desember 2016.

Samtals bárust umsóknir frá átján aðilum um tollkvótann. Til útboðs kom á tollkvótum á nauta-, svína- og alifuglakjöti, unnum kjötvörum, ostum og eggjum þar sem umsótt magn var meira en það magn sem í boði var.

Samtals bárust fimmtán gild tilboð í tollkvótann.

Fimm tilboð bárust um innflutning á nautagripakjöti, samtals 56.200 kg á meðalverðinu 118 kr./kg. Hæsta boð var 630 kr./kg en lægsta boð var 5 kr./kg. Tilboðum var tekið frá fimm fyrirtækjum um innflutning á 47.500 kg á meðalverðinu 138 kr./kg.

Fjögur tilboð bárust um innflutning á svínakjöti, samtals 31.300 kg á meðalverðinu 59 kr./kg. Hæsta boð var 270 kr./kg en lægsta boð var 0 kr./kg. Tilboðum var tekið frá fjórum fyrirtækjum um innflutning á 31.300 kg á meðalverðinu 59 kr./kg. Til úthlutunar voru 32.000 kg.

Ein umsókn barst um innflutning á kinda- eða geitakjöti, samtals 30.000 kg. Ekki kom til útboðs þar sem umsóknir náðu ekki því magni sem í boði var eða 172.500 kg.

Átta tilboð bárust um innflutning á kjöti af alifuglum, samtals 147.500 kg á meðalverðinu 309 kr./kg. Hæsta boð var 580 kr./kg en lægsta boð var 0 kr./kg. Tilboðum var tekið frá tveimur fyrirtækjum um innflutning á 29.500 kg á meðalverðinu 546 kr./kg.

Þrjár umsóknir bárust um innflutning smjöri, samtals 17.000 kg. Ekki kom til útboðs þar sem umsóknir náðu ekki því magni sem í boði var eða 26.500 kg.

Ellefu tilboð bárust í tollkvóta vegna innflutnings á ostum, samtals 154.000 kg á meðalverðinu 232 kr./kg. Hæsta boð var 390 kr./kg en lægsta boð var 11 kr./kg. Tilboðum var tekið frá sex fyrirtækjum um innflutning á 59.500 kg á meðalverðinu 306 kr./kg.

Ráðgjafanefnd um inn- og útflutning landbúnaðarvara.

Þrjú tilboð bárust í tollkvóta vegna innflutnings á eggjum, samtals 37.000 kg á meðalverðinu 20 kr./kg. Hæsta boð var 100 kr./kg en lægsta boð var 0 kr./kg. Tilboðum var tekið frá þremur fyrirtækjum um innflutning á 37.000 kg á meðalverðinu 20 kr./kg. Til úthlutunar voru 38.000 kg.

Ellefu tilboð bárust í tollkvóta vegna innflutnings á unnum kjötvörum, samtals 150.400 kg. á meðalverðinu 404 kr./kg. Hæsta boð var 630 kr./kg en lægsta boð var 0 kr./kg. Tilboðum var tekið frá fimm fyrirtækjum um innflutning á 43.000 kg á meðalverðinu 568 kr./kg.

Að tillögu ráðgjafanefndar um inn- og útflutning landbúnaðarvara hefur atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið úthlutað tollkvótum til eftirtalinna fyrirtækja á grundvelli tilboða og/eða umsókna þeirra:

Nautgripakjöt fyrir tímabilið júlí – desember 2016

Magn (kg)	Tilboðsgjafi
5.000	Innnes ehf
17.100	Íslenskar matvörur ehf
200	Kaupás hf
11.000	Nautica ehf
14.200	Sælkeradreifing ehf

Svínakjöt fyrir tímabilið júlí – desember 2016

Magn (kg)	Tilboðsgjafi
15.000	Íslenskar matvörur ehf.
4.800	Kaupás hf
4.000	Nautica ehf
7.500	Sláturfélag Suðurlands svf

Kinda- og geitakjöt fyrir tímabilið júlí – desember 2016

Magn (kg)	Tilboðsgjafi
30.000	Íslenskar matvörur ehf

Alifuglakjöt fyrir tímabilið júlí – desember 2016

Magn (kg)	Tilboðsgjafi
27.500	Kjarnafæði ehf
2.000	Nautica ehf

Smjör fyrir tímabilið júlí – desember 2016

Magn (kg)	Tilboðsgjafi
1.000	Aðföng hf.
8.000	Íslenskar matvörur ehf
8.000	Nautica ehf

Ostur fyrir tímabilið júlí – desember 2016

Magn (kg)	Tilboðsgjafi
40.000	Aðföng hf
2.100	Garri ehf
10.000	Íslenskar matvörur ehf
2.000	KFC ehf
2.900	Mjólkursamsalan ehf
2.500	Mini market ehf

Ráðgjafanefnd um inn- og útflutning landbúnaðarvara.

Fuglsegg fyrir tímabilið júlí – desember 2016

Magn (kg)	Tilboðsgjafi
20.000	Innnes ehf
10.000	Íslenskar matvörur ehf.
7.000	Sælkeradreifing ehf

Unnar kjötvörur fyrir tímabilið júlí – desember 2016

Magn (kg)	Tilboðsgjafi
11.000	Innnes ehf
5.000	Íslenskar matvörur ehf
5.000	KFC ehf
12.000	Nautica ehf
10.000	Sælkeradreifing ehf

3. Drög að reglugerð um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á útiræktuðu grænmeti. Ákveðið var að senda hana til umsagnaraðila.

Fleira ekki gert og fundi slitið.